

## L Ö G

um

## mentamálaráð Íslands.

7  
12. apríl

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Eftir alþingiskosningar skal í sameinuðu Alþingi kjósa með hlutbundnum kosningum fimm manna nefnd, er starfar alt kjörtímabilið og kallast mentamálaráð Íslands. Hlutgengur í nefndina er hver íslenskur borgari, sem hefir kosningarrjett til Alþingis og er búsettur í Reykjavík, eða svo nærri bænum, að hann eigi auðvelt með að sækja þangað daglega fundi. Mentamálaráðið skiftir sjálft með sjer verkum í byrjun hvers kjörtímabils, og skal þóknun fyrir störf þess ákveðin í fjárlögum. Annar nauðsynlegur kostnaður greiðist af skrifstofufje stjórnarráðsins.

## 2. gr.

Hlutverk mentamálaráðs Íslands er:

- a. Að úthluta árlega því fje, sem Alþingi veitir til viðurkenningar skáldum og listamönnum.
- b. Að kaupa fyrir landsins hönd listaverk fyrir það fje, sem kann að vera veitt í því skyni í fjárlögum.
- c. Að hafa yfirumsjón með listaverkasafni landsins og undirbúa, eftir því sem unt er, byggingu listasafns í Reykjavík.
- d. Að leggja samþykki á teikningar af kirkjum þjóðkirkjusafnaða, bæði nýbyggingum og breytingum, svo og hvar kirkja skuli standa. Ennfremur að kaupa altarisöflur handa kirkjum þjóðkirkjusafnaða, eftir því sem fje er til þess lagt frá hlutaðeigendum.
- e. Að úthluta námsstyrk, er árlega greiðist úr ríkissjóði til stúdenta og annara nemenda erlendis. Skal mentamálaráðið við úthlutun námsstyrks veita fyrst og fremst til þess náms, sem sýnilega er mest þörf fyrir í landinu, og sje út af þeirri reglu brugðið, þá aðeins þar sem um alveg óvenjulega sjerhæfileika er að ræða. Að öðru leyti skal við úthlutun þessa námsstyrks farið eftir hæfileik-

7  
12. apríl

um nemenda, dugnaði og reglusemi. Mentamálaráðið skal eftir fremsta megni, með aðstoð sendimanna Íslands erlendis, hafa eftirlit með, að styrkþegar fari vel með fje sitt og tíma, og sje sannlega út af brugðið, getur nefndin svift þá framhaldsstyrk.

- f. Að úthluta ókeypis fari milli Íslands og annara landa til manna, sem fara til útlanda til alþjóðargagns.
- g. Að hafa á hendi yfirstjórn sjóða, er stofnaðir kunna að verða með sjerstökum lögum til eflingar lista og vísinda á Íslandi, enda sje mentamálaráðinu falið þetta vald í stofnskrám sjóðanna.

### 3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Skagen, 12. apríl 1928.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Jónas Jónsson.*

8  
15. apríl

## LÖG

um

### einkasölu á útfluttri síld.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Frá 1. maí 1928 skal vera einkasala á allri saltaðri og kryddaðri síld eða verkaðri á annan hátt til útflutnings á Íslandi eða í ís-